

Nd.

234. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um brunamál, nr. 85, 22. nóv. 1907.

Flutningsm.: Halldór Stefánsson.

Aftan við 34. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni er rjett að skipa sjerstakan mann til að hafa yfir-
eftirlit með því, að lögum þessum sje hlýtt. Skal hann og leiðbeina bæjar- og
sveitarstjórnnum um alt það, er við kemur verklegum og skipulegum framkvæmd-
um til brunavarna. Kostnað við yfir-
eftirlitið greiðir ríkissjóður að hálfu og Brunabótafjelag Íslands að hálfu.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt í samráði við ríkisstjórnina.

Eftirlit nm framkvæmd brunamálalaganna hafa bæjarstjórnir og sveitar-
stjórnir, hver í sínu nmdæmi. Eftirlitið hefir reynst mjög ófullkomið og ófullnægjandi
viða hvar. Við athugun, sem gerð var síðastliðið sumar á brunavörnum kaup-
staðanna af Brunabótafjelagi Íslands, í samráði við og með aðstoð endurtrygg-
ingarfelags þess, kom það í ljós, að mjög skortir á, að ákvæðum brunamálalag-
anna sje fullnægt viðast hvar. Af 27 kaupþúnum, sem váttryggja hjá B. Í., eru 11,
sem engar sjerstakar brunavarnir hafa; í 4 eru mjög lítilsverð og ónothæf tæki,
og af þeim 12, sem þá eru ótalin og hafa að vísu nokkur brunavarnartæki, eru að
eins 2 eða 3, sem telja má að hafi brunavarnir sínar í nokkurn veginn góðu lagi.

Húsaskipun bæjanna er víða þannig, að stórir bæjarhlutar eru í sam-
eiginlegri brunahættu. Af þeirri ástæðu stafar stórfeld hættu, bæði fyrir íbúana
og Brunabótafjelagið og það fjelag, sem það endurtryggir hjá, og jafnvel fyrir
ríkið sjálft. Til að varna svo sem hægt er stórtjóni af bruna heilla bæjarhverfa
er öflugasta ráðið að koma á fót sem fullkomnustum brunavörnum, sem
ástæður leyfa.

Auk eftirlits með því, að ákvæðum brunamálalaganna sje fullnægt, þá er
ætlast til, að eftirlitsmaðurinn leiðbeini og aðstoði bæjar- og sveitarstjórnir um
alt, er að brunavörnum lýtur. Er um það þörf verklegrar þekkingar, m. a. á vatns-
veitum, rafmagnsleiðslum o. fl. Þarf eftirlitsmaðurinn því að hafa slíka þekkingu
til að bera.

Við athugun og umræður um þetta efni hefir það verið álitid, að eftir-
litsstarf þetta gæti a. m. k. fyrst um sinn samrýmst störfum vegamálastjóra og
starfsmanna hans, sem og á hinn bóginn, að vegamálastjóri hafi yfir þeirri
sjerþekkingu að ráða, sem nauðsynleg er. Á þann hátt gæti eftirlitið orðið tiltölu-
lega ódýrt og þó jafnframt náð tilgangi sínum.

Eins og að framan segir, miðar eftirlitsstarf þetta til þess bæði að vernda
líf, limi og eignir ríkisborgaranna og einnig að því að draga úr áhættu váttrygg-
ingarfelaganna. Þess vegna er lagt til, að kostnaður við eftirlitið skiftist eins og
til er tekið í frumvarpinu.